



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð aðalfundar - DRÖG

*Haldinn í húsakynnum Arion banka, Borgartúni 19
Þriðjudaginn 17. apríl 2012, kl. 13:00*

Jakob S. Friðriksson, formaður félagsins, opnaði fundinn og staðfesti að fundurinn var löglega boðaður, en það var gert með tölvubréfi til félagsmanna 7. mars. Gengið til dagskrár.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Samþykkt dagskrár.

Formaður gerði tillögu um Ásgeir Margeirsson sem fundarstjóra og Gústaf Adolf Skúlason sem fundarritara og var tillagan samþykkt, sem og dagskrá fundarins. Tók Ásgeir við fundarstjórn.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu ári.

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2011-2012.

3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.

Claus Ballzus, gjaldkeri félagsins, lagði fram og kynnti endurskoðaða reikninga félagsins fyrir árið 2011. Árið 2011 var halli á rekstri félagsins sem nam kr. 420.764. Stafar hallinn af því að vegna breyttrar innheimtuaðferðar hófst innheimta félagsgjalda 2011 í febrúar 2012. Þann 2. apríl 2012 höfðu verið greiddar kr. 582.000 vegna félagsgjalda 2011. Eigið fé í árslok 2011 voru kr. 2.560.210. Reikningarnir voru samþykktir.

4. Tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.

Fyrir fundinum lágu engar tillögur til breytinga á samþykktum félagsins.

5. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs til samþykktar. Ákvörðun félagsgjalda.

Gjaldkeri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 þar sem gert er ráð fyrir að veltan verði kr. 1.521.000 og tekjur umfram gjöld kr. 792.700. Stafar sá mismunur einkum af því sem fyrr segir, að vegna breyttra innheimtuaðferða verða félagsgjöld áranna 2011 og 2012 innheimtar á árinu 2012. Var fjárhagsáætlunin samþykkt. Þá var samþykkt að félagsgjöld yrðu óbreytt frá fyrra ári, eða kr. 25.000 fyrir fyrirtæki og stofnanir, kr. 3.000 fyrir einstaklinga, en félagsaðild gjaldfrí fyrir einstaklinga sem náð hafa 67 ára aldri. Loks er félagsgjaldið kr. 1.000 fyrir námsmenn, en þar sem stjórn félagsins hefur ekki fulla yfirsýn yfir þá stöðu verða þeir sem eru í námi að óska eftir að innheimta fyrir félagsgjald kr. 3.000 verði lækkuð í kr. 1.000.

6. Kosning stjórnar. Ennfremur skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

Á aðalfundi 2010 var Jakob S. Friðriksson kjörinn formaður til tveggja ára. Hann gaf ekki kost á sér til endurkjörs sem formaður, en gaf kost á sér til endurkjörs sem stjórnarmaður. Bjarni Pálsson, varaformaður í fráfaramandi stjórn, gaf kost á sér til

formennsku. Engin önnur framboð bárust til formanns og var Bjarni kjörinn með lófataki. Á aðalfundi 2010 voru auk Jakobs kjörnir í stjórn þeir Ásgeir Margeirsson og Sigurður M. Garðarsson. Hvorugur gaf kost á sér til endurkjörs. Auk áður nefnds framboðs Jakobs gáfu kost á sér til stjórnarsetu þau Kristín Vala Matthíasdóttir efnaverkfræðingur hjá HS Orku og Magnús Þór Jónsson prófessor í véla- og iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands. Engin önnur framboð bárust og voru þau Jakob, Kristín og Magnús kjörin til stjórnarsetu árin 2012-2014, með lófataki. Áfram sitja jafnframt í stjórn, kjörnir til tveggja ára á aðalfundi 2011, þeir Clauz Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason og Magnús Ólafsson. Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson kosnir – einnig með lófataki – til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins, sem og Oddur Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

7. Upplýsingar um inngöngu nýrra félaga.

Á aðalfundi félagsins 2011 var samþykktum þess breytt á þá vegu að ekki þarf lengur samþykki aðalfundar fyrir inngöngu í félagið. Áfram er þó gert ráð fyrir að gerð sé grein fyrir nýjum félagsmönnum á aðalfundi. Frá síðasta aðalfundi hafa níu einstaklingar og tveir lögaðilar gerst aðilar að félaginu. Þeir eru:

Einstaklingar:

Ágúst Torfi Hauksson, Norðurorku
Bjarni Bjarnason, Orkuveitu Reykjavíkur
Gísli Guðmundsson, Mannviti
Guðjón Axel Guðjónsson, Samtökum atvinnulífsins
Guðrún Sævarsdóttir, Háskólanum í Reykjavík
Halldór Pálsson, Háskóla Íslands
Magnús Þór Jónsson, Háskóla Íslands
Ólafur Pétur Pálsson, Háskóla Íslands
Prándur Ólafsson, Orkuveitu Reykjavíkur

Lögaðilar:

Landeigendur Reykjahlíðar ehf.
ThinkGeoEnergy ehf.

8. Önnur mál.

Fundarstjóri kynnti tillögu þess efnis að Dr. Ingvar Birgir Friðleifsson, jarðfræðingur og forstöðumaður Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, yrði gerður að heiðursfélagi í Jarðhitafélagi Íslands. Var tillagan samþykkt samþykkt með lófataki.

Loks þakkaði fundarstjóri samstarfsfólki fyrir ánægjulegt samstarf í stjórn Jarðhitafélagsins undangengin sex ár, hvar af hann gegndi formennsku fyrstu fjögur árin en sat áfram í stjórn þau tvö síðustu.

Aðalfundi slitið kl. 13:30

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum var haldinn vorfundur félagsins, kl. 14:00 á sama stað og sóttu hann rúmlega 60 manns. Dagskrá vorfundarins var svohljóðandi:

Jarðhitanýting: Ávinningur og verkefni framundan
Vorfundur Jarðhitafélags Íslands 2012
húsakynnum Arion banka, Borgartúni 19
þriðjudaginn 17. apríl kl. 14:00

Dagskrá:

- 14:00 **Setning**
Bjarni Pálsson, formaður Jarðhitafélags Íslands
- 14:10 **Þjóðhagslegur ávinningur af jarðhitanýtingu**
Daði Már Kristófersson
dósent í auðlindahagfræði, Háskóla Íslands
- 14:30 **Helstu jarðhitaframkvæmdir á döfinni**
- 14:30 *Ásbjörn Blöndal*
forstöðumaður þróunarsviðs, HS Orku hf
- 14:50 *Haukur Ásgeirsson*
deildarstjóri hitaveitna, RARIK
- 15:10 *Inga Dóra Hrólfsdóttir*
framkvæmdastjóri þróunarsviðs, Orkuveitu
Reykjavíkur
- 15:30 *Óli Grétar Blöndal Sveinsson*
framkvæmdastjóri þróunarsviðs, Landsvirkjun
- 15:50 **Kaffiveitingar í boði Arion banka**
- Fundarstjóri: *Björk Þórarinsdóttir*
framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Arion banka

sign.
Ásgeir Margeirsson, fundarstjóri

sign.
Gústaf Adolf Skúlason, ritari